

Umsögn vegna Lágafellslands í Mosfellsbæ

Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar 2040

Eftir rýni og yfirlegu ráðgjafa og samráðsfunda með nefndinni við endurskoðun aðalskipulagsins er ekki talið æskilegt að samþykkja breytingar á þéttleika Lágafellslands í nýju aðalskipulagi.

Erindi og ósk umsækjenda byggir á því að óska eftir fjölgun eigna á uppbyggingarsvæði landeigenda sem tilheyrir Lágafellslandi íbúðarfleka 407ÍB. Landið hangir saman með áætlunum og uppbyggingu lands í eigu Mosfellsbæjar sem einnig tilheyrir 407ÍB. Fyrirspurn landeigenda með við sveitarfélagið einkennist fyrst og fremst að fyrirspurn varðand uppbyggingu almennt og að hefja undirbúning hennar. Á liðnum árum hefur átt sér stað samtal við landeigendur um uppbygginguna og tillögur þeirra um að koma henni áleiðis. Samtal einkennist af því að ekki liggur fyrir heildstæð sýn fyrir suðurhlíðar Lágafells. Hvort þar eigi almennt að fjölga eignum og þetta byggð eða leggja áherslu á sérbýlishúsauppbyggingu í samræmi við eftirspurn.

Því er ráðlagt að breyta ekki íbúðarfjölda og nýtingu svæðisins að svo stöddu. Til þess að svo megi verða þarf að vinna heilstæða sýn og rammaskipulag fyrir suðurhlíðar Lágafells í heild og þá í samhengi við Teigslandið vegna samganga, innviða og samfélagsþjónustu. Megi rammaskipulag og frekari rýni gefa betur til kynna hugsanlegar breytingar á áætlunum um nýtingu svæðisins. Líta má til fordæmis Blikastaðalands í því samhengi. Mosfellsbær og landeigendur þurfa að láta vinna slíka greiningu í sameiningu.

Í aðalskipulaginu verði gerð krafa um rammaskipulag óbyggðra svæða svo huga megi að uppbyggingu samfélagsþjónustu, leik- og grunnskóla í austurhluta bæjarins. Slíkar lóðir eru því ekki afmarkaðar sérstaklega. Með breytingu þessari fylgir ekki samþykkt á því deiliskipulagi sem landeigandi kynnti skipulagsnefnd með erindi sínu.

Hagaðilar geta gert athugasemdir með formlegum hætti við auglýsingu aðalskipulagsins, í samræmi við skipulagslög, þegar að því kemur. Mosfellsbær vill tilkynna málsaðila um þessa niðurstöðu áður en gögn verða kynnt opinberlega.

Kristinn Pálsson

Skipulagsfulltrúi